

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Norðurskel ehf. og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Norðurskel ehf. á tímabilinu 27. nóvember 2009 til 22. janúar 2010. Starfssvæði rekstraraðila er í Eyjafirði. Tilkynningar um tillögu að starfsleyfi voru sendar til Norðurskeljar ehf., Siglingastofnunar Íslands, Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, skrifstofu Hríseyjar, hverfisráðs Hríseyjar (sent til formanns), Arnarneshrepps, Akureyrarkaupstaðar, Hörgárbyggðar, Dalvíkurbyggðar, Brims ehf og Fiskeyjar hf.

Þrjár athugasemdir bárust og verður hér gerð grein fyrir úrlausn Umhverfisstofnunar á þeim.

Svör við innsendum athugasemdum og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim:

I. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra:

- i. Bent var á þann möguleika að þrengt væri að friðlýstum hverastrýtum á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum.
 - Umhverfisstofnun athugaði þessa ábendingu betur og í ljós kom að svæðið sem auglýst var, nær örlítið inn á friðaða svæðið. Rekstraraðili hefur nú fært syðri baujuna sem afmarkar svæðið við Rauðuvík. Útgefið starfsleyfi miðar við nýju staðsetninguna.
 - Algjört bann er við hvers konar veiðum og eldi sjávarfangs innan friðlýsta svæðisins sem er friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu umhverfisráðuneytisins nr. 510/2007.

- ii. Gerð athugasemd um að hagsmunaárekstur geti orðið milli fiskeldis og kræklingaræktar, t.d. ef nota þarf lyfjafóður í fisk, sem gæti samhliða haft í för með sér langan biðtíma á uppskeru á kræklingi í nágrenninu. Einnig var því velt upp hvort einhver viðmið væru í gildi varðandi fjarlægð á milli starfstöðva hvað þetta varðar þannig að einn aðili mengi ekki fyrir öðrum.
- Út frá umhverfisviðmiðunum er vel þekkt að viss fjarlægð er æskileg á milli starfsstöðva.
 - Umhverfisstofnun hefur hins vegar takmarkaðar heimildir til að taka ákvarðanir hvað þetta varðar við útgáfu starfsleyfa eða á annan hátt. Málaflokkar Umhverfisstofnunar í þessu sambandi eru mengunarvarnir og náttúruvernd.
 - Rétt er að benda á að auk starfsleyfis er skylt að sækja um rekstrarleyfi hjá Fiskistofu.

II. Ólafur Gíslason, Eyrarvík

Bréfitari hafði áhyggjur af því að starfsemi Norðurskeljar ehf. kynni að gera sér og öðrum erfitt fyrir við „að veiða sér í soðið“.

- Umhverfisstofnun álitur að athugasemdin hreyfi við málefni sem er utan við það svið sem starfsleyfi hennar fjalla um samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Henni er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun, koma á samþættum mengunarvörnum og að samræma kröfur og skilyrði í starfsleyfum.
- Athugasemdinni var komið á framfæri við Fiskistofu sem útgefanda rekstrarleyfis fyrir Norðurskel ehf. og því það stjórnvald sem að mati stofnunarinnar ætti að taka afstöðu til hennar.

III. Arnarneshreppur

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.